

Fundargerð 82. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, miðvikudaginn 8. febrúar kl. 09:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Freyr Eyjólfsson starfsmaður, Þorgerður M. Þorbjarnardóttir starfsmaður og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 81. fundar - 2210013SA

Fundargerð 81. fundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð samþykkt.

2. Samstarf um fræðslu um úrgangsmál og hringrásarhagkerfið - 2205011SA

Rætt var um hugmyndir um fjármögnun á upplýsingaefni og birtingu þess með aðkomu sveitarfélaga. Framhald umræðu frá 81. fundi verkefnisstjórnar. Umhverfisstofnun hefur leitt samtal ýmissa hagaðila í úrgangsmálum um mótun samræmdra skilaboða til almennings vegna breytinga í úrgangsmálum. Auglýsingaefni er langt komið og verkefnið hefur hlotið heitið „Allan hringinn“. Útbúin hefur verið birtinga- og kostnaðaráætlun og óskað er eftir aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu. Einnig hefur Umhverfisstofnun nýlega opnað vefsíðuna urgangur.is sem inniber ýmiskonar upplýsingar og gögn sem gagnast sveitarfélögum í þeirra vinnu að bættri úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Hugrún Geirsdóttir og Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingar í teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun, komu á fundinn og kynntu nokkrar útfærslur að aðkomu sveitarfélaga.

Verkefnisstjórnin fagnar því að ráðist sé í vitundarvakningarátak um innleiðingu hringrásarhagkerfis. Mikilvægt er að tryggja breiða þátttöku almennings og fyrirtækja ef þær breytingar sem eru að verða á söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs eiga að takast vel. Verkefnisstjórnin telur að almenn nálgun og hvatning yfir landið allt muni styðja við breytta úrgangsstjórnun sveitarfélaga og óskar eftir því að starfsfólk sambandsins útfæri aðkomu sveitarfélaga að áttakinu í samstarfi við Umhverfisstofnun.

3. Framkvæmd sérsöfnunar á textíl með tilliti til nýrra laga - 2301049SA

Hugrún Geirsdóttir og Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingar í teymi

hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun, sögðu frá samtali sem Umhverfisstofnun hefur átt í við sambandið, Rauða krossinn, SORPU bs, Kölku og SSNE auk ráðuneytisins um fyrirkomulag söfnunar og annarrar meðhöndlunar á textíl. Helstu atriði þess samtals voru kynntar og reifaðar vangaveltur um framtíðarfyrirkomulag söfnunar og annarrar meðhöndlunar á textíl. Nýlegar lagabreytingar gera ráð fyrir sérstakri söfnun á textíl á grenndarstöðvum. Jafnframt er gert skylt að nota samræmdar merkingar fyrir textíl. Rauði krossinn hefur undanfarna áratugi staðið að megninu til undir söfnun og flutning textíls en við þessar lagabreytingar breytist umhverfi flokkunar, söfnunar og annarrar meðhöndlunar textílsúrgangs. Verkefnisstjórnin ræddi framtíðarsýn varðandi sérsöfnun og aðra meðhöndlun textíls og að ágóði góðgerðarsamtaka sé að minnka vegna aukins kostnaðar. Einnig þann möguleika að vilji almennings til flokkunar og skila á textíls geti breyst ef það sem safnast rennur ekki til góðgerðasamtaka og að þar sem skilgreining á hugtakinu grenndarstöð vantar ennþá óvissa um hvaða útfærsla söfnunar uppfyllir skilirði laga.

Verkefnisstjórnin telur mikilvægt að varpað verði skýrara ljósi á kosti og galla mismunandi útfærslna sveitarfélaga á að uppfylla lagakröfur um söfnun textíls á grenndarstöðvum. Óskað er eftir að málið verði tekið fyrir að nýju.

4. Samningur um meðhöndlun veiðarfæra - 2106007SA

Verkefnisstjórnin hefur rætt samning Úrvinnslusjóðs annarsvegar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og veiðarfæragerða hinsvegar, síðast á 81. fundi sínum. Farið var yfir drög að samstarfsyfirlýsingu um söfnun og meðhöndlun veiðarfæraúrgangs.

Verkefnisstjórn leggur áherslu á að samningur um meðhöndlun veiðarfæra verði tímabundinn á meðan reynsla kemst á fyrirkomulagið. Sér í lagi þar sem sveitarfélögin eru ekki beinn samningsaðili. Hún beinir því til ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála að taka tillit til sjónarmiða sveitarfélaga hvað varðar gildistíma samningsins áður en samningurinn er undirritaður.

5. Önnur mál - 2009111SA

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður 6. mars kl. 10.

Fundi var slitið kl. 10:30

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson